

Android - Uppsetning Office 365 á síma

Vilji starfsmaður Landspítala hafa aðgang að Office 365 á símanum þarf hann að veita Landspítala heimild til að stýra þeim hluta símans, í gegnum Company Portal. Stýringin er alfarið takmörkuð við gögn og lausnir tengdum starfsemi Landspítala og snertir á engan hátt á öðrum lausnum og gögnum í sínum starfsmanna.



ATHUGIÐ:

- Ef síminn er þegar tengdur Microsoft öppum með Landspítala aðgangi, að öppum eins og t.d. Teams og One Drive þarf að eyða þeim öppum út og sækja aftur í gegnum Company Portal, sbr. leiðbeiningar.
- Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningunum fá upphafi til enda, án þess að hætta við, til að tryggja farsæla uppsetningu.

Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir uppsetningu:

1. Byrja þarf á því að sækja Intune Company Portal frá Play Store.



2. Við opnun þá skráir þú þig inn með @landspitali.is notendanafni.*




*ATH: Ef númer þitt er ekki skráð í kerfum spítalans færð þú ábendingu um það. Hafðu samband við þjónustumiðstöð til að skrá það eða fá hliðarlausn.


3. Eftir skráningu þá skaltu ýta á Begin.

4. Hér getur notandi skoðað hvað Landspítali sér og sér ekki.




5. Því næst er smellt á Next, Continue og síðan Agree til þess að leyfa Intune að setja upp Work Profile (Aðskilinn frá Personal Profile).






6. Loks er smelt á Continue, tækið fer í skráningu eftirfarandi yfirlit birtist



- Þá er hægt að sækja öpp LSH með því að smella á APPS og því næst á Play Store.

- Það getur tekið allt að 2 tíma fyrir tækið að fá réttar stillingar og aðgang að öppum sem LSH hefur samþykkt. Það tekur þó yfirleitt ekki lengur en 10 - 15 mínútur.

7. Eftir skráningu skiptist síminn í tvo prófíla, Personal og Work. (sjá mynd)



- Öll vinnutengd öpp birtast undir Work. Þar á meðal Company Portal, sem notað er til þess að sækja öpp eins og Teams, Word, Excel, Powerpoint, One Drive og Onenote.
- Í Work er jafnframt hægt að nálgast Play Store til að sækja öpp Landspítala

8. Sé einhver með persónulegan Outlook póst þá er hægt að setja hann upp í Personal Profile.

- Farið er í Einkamál (e. Personal) og þaðan er Outlook sótt í gegnum Play Store.
- Sama er hægt að gera með OneDrive.

Einhver vandamál?

Ef einhverjar spurningar, vinsamlegast hafið samband við þjónustumiðstöð HUT:

1550 / 1550@landspitali.is / hutgatt.lsh.is